



Reykjavík, 23. maí 2025

PON22090061

Viðtakandi: Forsætisnefnd
Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Á fundi forsætisnefndar 15. maí 2020 var samþykkt svohljóðandi tillaga forsætisnefndar:

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki að fela þjónustu- og nýsköpunarsviði að kanna kostnað og fýsileika þess að fundir borgarstjórnar verði textaðir sjálfkrafa með notkun talgreinis.

Á fundi forsætisnefndar 14. janúar 2022 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 12. janúar 2022, þar sem óskað var eftir að forsætisnefnd samþykkti að ganga til samstarfs við Tiro um tilraun til að rauntímataxta fundi borgarstjórnar. Tillagan var samþykkt og hefur tilraunaverkefnið verið í gangi frá þeim tíma. Í kjölfar þess hófst verkefni sem sneri að því að gera greiningar á framboði lausna á markaði og ganga að samningum við þann aðila sem uppfyllir best þarfir með tilliti til gæða og verðs. Heimildarbeiðni um að hefja fyrrnefnt verkefni í tengslum við talgreiningu borgarstjórnarfunda var svo samþykkt í borgarstjórn þann 21. febrúar 2023.

Greining á verkefnistíma leiddi í ljós að gæði eftirátalgreiningar eru enn umfram þau sem nást með rauntímatalgreiningu. Þessi niðurstaða leiddi til þeirrar tillögu að gerður yrði samanburður á þeim eftirátalgreiningarlausnum sem til eru á markaði í dag en texti með góðum gæðum eykur skilning, dregur úr misskilningi og tryggir að fleiri geti nýtt sér upplýsingarnar á skilvirkan og aðgengilegan hátt. Í framhaldinu var framkvæmdur samanburður á tveimur lausnum fyrirtækjanna Tiro og Miðeindar.

Skýrsla um niðurstöður samanburðar talgreinanna er að finna hjálagt með bréfi þessu en lagt er til að lausn Miðeindar verði valin þar sem hún kom betur út úr samanburðinum.

Upphaf talgreiningar borgarstjórnarfunda má rekja til samþykkis forsætisnefndar frá 14. janúar 2022 og í ljósi þess vill eigandi verkefnisins Helga Laxdal, tryggja að forsætisnefnd sé bæði vel upplýst en einnig að nefndin taki endanlega ákvörðun um framhaldið. Því er hér með óskað eftir því að fá að kynna niðurstöður samanburðarins fyrir forsætisnefnd. Jafnframt er þess óskað að nefndin taki ákvörðun um hvort halda eigi áfram talgreiningu borgarstjórnarfunda með hagnýtingu lausnar þess aðila sem stóð upp úr í samanburðinum.

Virðingarfyllst,
Nanna Rún Ásgeirsdóttir
Stafræn Reykjavík
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Hjálagt: Trúnaðarmerkt skýrsla um samanburð talgreina 23.05.2025